



ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 19. desember 2007 – 51. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Mikil neysla landsmanna
Helmingur heimila í mínus



Vaxtaákvörðun Seðlabankans
Skrúfan herðist við óbreytta vexti



Börnin og fyrirtækin
Engin leikaðstaða



Formlegt boð komið fram

Lagt hefur verið fram formlegt yfirtökutilboð London Aquisition í allt hlutfé Stork N.V. í Hollandi. Að félaginu standa breski fjárfestingasjóðurinn Candover, auk Eyris Invest með 15 prósent og Landsbankans með 10 prósent hlut.

Tilboðið, sem birt var á föstudag, hljóðar upp á 48,4 evrur á hlut.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris og stjórnarformaður Marels, býst við að yfirtakan gangi vel. „Yfir 80 prósent hluthafa eru búin að samþykka þetta og við sjáum ekkert sem ætti að koma í veg fyrir að þetta klárast,“ segir hann. Stork hefur boðað til hluthafafundar 4. janúar til að kynna tilboðið.

Árni Oddur segir söluna á Food Systems-hluta Stork til Marels ekki hafa áhrif á yfirtökuna, en sá samruni er meðal annars háður samþykki samkeppnis-yfirvalda. „Yfirtakan er ekki háð Food-hlutunum, en Food-salan er tengd yfirtökunni.“



ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON

FRÉTTIR VIKUNNAR

Dæla fjármagni | Seðlabankar í Bandaríkjunum, Kanada, Englandi og Sviss, auk evrópska seðlabankans, dældu allt að fjörutíu milljörðum dala, rúmum 2.400 milljörðum íslenskra króna, inn á fjármálamarkaði í formi skammtálána.

Skoða stórfyrirtæki | Til stendur að stofna sérstaka stórfyrirtækjajainingu hjá Ríkisskattstjóra. Þar fari fram álagning, þjónusta og sérstakt eftirlit með skilgreindum hópi stærri fyrirtækja.

Skammar Elisa-stjórn | Björgólfur Thor Björgólfsson er harðorður í garð stjórnar finnska símafyrirtækisins Elisa í viðtali við Financial Times. Stjórnin hefur tekið fálega í hugmyndir Björgólfs um breytingar á félaginu.



Hætt við | Icelandic Group og Finnbogi A. Baldvinsson hafa afturkallað viljayfirlýsingu um sölu á 81 prósent eignarhlut í Icelandic Holding Germany til Finnboga vegna skilyrða á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Forstjórinn farinn | Jón Karl Ólafsson lætur af störfum bæði sem forstjóri Icelandair Group og dótturfélagsins Icelandair. Við starfi forstjóra samstæðunnar tekur Björgólfur Jóhannsson, fyrrum forstjóri Icelandair Group.

Mikil eftirspurn | Fjárfestar vildu kaupa hlutfé í FL Group að andvirði 20,6 milljarðar króna í hlutfjárútboði. Jón Sigurðsson, nýr forstjóri félagsins, sagði þetta staðfesta trú fjárfesta á breytingum sem kynntar hafa verið á félaginu.

Milljarða skattsvik

Ætla má að um fimmtán milljörðum króna hafi verið skotið undan skatti, gegnum erlend samskipti, undanfarnin þrjú ár.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

Líklegt er að um fimmtán milljörðum króna hafi verið skotið undan skatti í gegnum erlendar tengingar undanfarnin þrjú ár.

Í skýrslu skattsvikanefndar til Alþingis árið 2004, kemur fram að ætla megi að sameiginlegir sjóðir verði af einu til einu og hálfu prósentu tekna sinna, vegna skattsvika sem fara fram í gegnum alþjóðleg samskipti.

Þegar farið er yfir ríkisreikning fyrir árin 2004 til 2006 má sjá að heildarskatttekjur ríkisins námu tæpum 300 milljörðum króna árið 2004 og um 400 milljörðum í fyrra.

Sé gert ráð fyrir að einu og hálfu prósentu af þessari upphæð hafi verið skotið undan skatti í gegnum erlend samskipti á þessum árum, má áætla að heildarupphæð skattsvika með þessum

UPPHÆÐ SKATTSVIKA

Miðað er við að skattsvik í gegnum erlend samskipti nemi einu og hálfu prósentu í töpuðum skatttekjum ríkisins:

Ár	Heildarskatttekjur	Upphæð skattsvika
2004	295.684.000	4.435.260
2005	335.223.000	5.028.345
2006	377.153.000	5.657.295

hætti nemi um fimmtán milljörðum króna.

Skattsvikamálum með erlendum tengingum hefur fjölgað mjög á undanförunum árum, segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Í skýrslu skattsvikanefndarinnar segir að skattsvik með erlendum tengingum felist einkum í því að eignir erlendis séu ekki taldar fram, innlend þjónusta sé seld í nafni erlends félags, hagnaður sé yfirfærður til erlends dótturfélags, menn búi erlendis til málamynda, stofni eignarhaldsfélög í skattaparadísnum og á vildarsvæðum og fleira.

Fram hefur komið í Markaðnum að erlent eignarhald í félögum sem skráð eru í Kauphöllina nemi nú rúmum fjörutíu prósentum. Athugun Markaðarinnar leiddi í ljós að stór hluti þeirrar erlendu eignar er í raun innlend.

Sjá síðu 6

Fimm mánuðir frá upphafi fallsins

Úrvalsvísitalan tók að lækka snarlega fyrir slöttum fimm mánuðum. Svo mjög hefur saxast á gengi félaga að sum þeirra eru komin undir útboðsgengi.

Seinni hluti ársins hefur verið slæmur á íslenskum hlutabréfmarkaði og í öfugu hlutfalli við þróunina á fyrstu sex mánuðum ársins. Öll hækking Úrvalsvísitölunnar er gengin til baka og gott betur. Hæst fór Úrvalsvísitalan í 9.016 stig 19. júlí síðastliðinn en féll hratt eftir það þegar lausafjárkreppa á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum beit af alefli víða um heim. Vísitalan fór á þriðja tímanum í gær undir 6.300 stigin og hefur ekki verið lægri síðan í byrjun desember í fyrra. Þetta jafngildir því að vísitalan hafi fallið um 30 prósent á slöttum fimm mánuðum. Svo mjög hefur saxast á það að nokkur félög eru komin undir eða standa rétt við

útboðsgengi sitt. Öðru máli gegnir um einungis fimm félög: Alfesca, Atorku, Atlantic Petroleum, Marel og Teymi sem öll hafa hækkað.

Flest ef ekki öll hlutabréf sem skráð eru í Úrvalsvísitöluna eiga það sammerkt að hafa staðið við eða verið í sínu hæsta gildi um miðjan júlímánuð í sumar. Þá eru nokkur þeirra komin undir

MESTA LÆKKUN

Fyrirtæki	Breyting
FL Group	-54,0%
Exista	-49,0%
Flaga	-47,0%
365	-42%
Eik banki	-37,4%

útboðsgengi. Það á þó einungis við um félög sem skráð voru á markað á síðasta ári og þar til nýverið. Þannig hefur gengi bréfa í Existu fallið um 49 prósent frá sínu hæsta gildi í sumar en það stóð í 20,40 krónum á hlut um þrjúleystið í gær. Það er 1,1 króna undir útboðsgengi með bréf félagsins í september í fyrra. Svipuðu máli gegnir um hinn færayska Føroya banka sem stóð um miðjan dag í gær í 182 krónum á hlut, sem er sjö krónum undir útboðsgengi með bréf í félaginu í sumar. Önnur félög, svo sem SPRON, sem skráð var á markað fyrir tveimur mánuðum, hafa enn ekki náð upp í gengi bréfanna í fyrstu viðskiptum með þau. - jab

TrackWell
FORÐASTYRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveyrirreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,0%*

GBP 6,4%*

USD 5,1%*

EUR 3,9%*

CAD 6,5%*

DKK 5,6%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóv. - 3. des. 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,6%	47,0%
Bakkavör	-2,7%	-8,8%
Exista	-4,9%	-5,3%
FL Group	-3,6%	-42,0%
Glitnir	-5,4%	-6,9%
Eimskipafélagið	0,6%	11,5%
Icelandair	-6,5%	-6,9%
Kaupþing	0,5%	3,1%
Landsbankinn	1,1%	36,6%
Straumur	-2,3%	-13,8%
Teymi	-1,7%	8,5%
Össur	-0,3%	-13,5%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Fiskaflí dregst saman milli ára

Fiskaflí, á föstu verði, hefur dregist saman um 4,4 prósent það sem af er ári, miðað við sama tíma í fyrra. Fiskaflinn í nóvember jókst hins vegar um 1,7 prósent í síðasta mánuði, miðað við nóvember í fyrra, á föstu verði, að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar.

Þegar magn upp úr sjó er kannað, dróst þorskaflinn saman um rúmlega 3.700 tonn í nóvember miðað við sama tíma í fyrra og karfaflinn um tæp 430 tonn. Hins vegar jókst ýsuafli um rúmlega 4.000 tonn og ufsaafli um 420 tonn.



330 tonnum meira veiddist af uppsjávarfiski en á sama tíma í fyrra. Nú var eingöngu veidd

sild, alls tæp 68.900 tonn.

Hagstofan segir að afli á föstu verði sé reiknaður út til þess að finna breytingu á verðmæti heildaraflans að gefinni þeirri forsendu að verðhlutföll milli einstakra fisktegunda séu þau sömu og á ákveðnu viðmiðunarári sem sé árið 2004.

Aflaverðmæti íslenskra skipa fyrstu níu mánuði ársins nam 62,3 milljörðum króna og jókst um fjóra milljarða miðað við sama tíma í fyrra. Aflaverðmætið í september var 4,3 milljarðar og dróst það saman um 1,6 milljarða frá sama mánuði í fyrra. - ikh

Byr og SpNor í sameiningu

Fundur stofnfjäreigenda í Byr sparísjóði samþykkti í gærmorgun sameiningu sjóðsins við Sparísjóð Norðlendinga. „Þetta var samhljóða samþykkt,“ segir Ragnar Z. Guðjónsson, annar sparísjóðsstjóra Byrs. Sameining sjóðanna var í haust samþykkt hjá Sparísjóði Norðlendinga. „Núna er málið bara í vinnslu hjá Fjármálaeftirlitinu og Samkeppniseftirlitinu og við vinnum áfram að málinu með þeim,“ bætir Ragnar við. Hann segir því erfitt að spá fyrir um hvenær samruninn gangi í gegn. - óká

Ný útflutningsgrein fundin

Viðskiptaráð Íslands vill auðvelda endurútflutning bíla.

„Með einföldum breytingum á skatt- og gjaldheimtakerfi hins opinbera er unnt að skapa hér hagstæð skilyrði fyrir útflutning ýmskonar varnings, óháð uppruna hans,“ segir í nýju álitni Viðskiptaráðs Íslands.

Bent er á að hér hafi einkaneysla síðustu ára verið afar mikil og að í sívaxandi vöruskiptahalla vegi þungt innflutningur varanlegra neysluvara á borð við bifreiðar.

„Sökum hagstæðs gengis krónunnar og mikillar innlendir kaupgetu hafa bifreiðar verið fluttar hingað til lands í stórum stíl, þá sérstaklega undanfarin tvö ár. Kostir þess að gera endurútflutning þeirra fýsilegri eru fjölbreyttir, en þar má helst nefna þætti er snúa að bættu um-



AMÉRÍSKUR TRUKKUR Ekki er ólíklegt að einhver kunnir að sjá sér hag í að selja gamla eldsneytishákinn aftur vestur yfir haf haldið áfram sama þróun eldsneytisverðs.

hverfi, auknu öryggi og síðast en ekki síst bættum vöruskiptajöfnuði,“ segir í álitni ráðsins og er bent á að hér séum við í kjörstöðu sem miðpunktur tveggja viðskiptavelda og um leið og þjóðin hafi komið sér í hagfellda stöðu meðal þjóða sem aðildarríki að EES og með gerð mikils fjölda fríverslunarsamninga. - óká

Stofnfé SpKef aukið um 1,6 milljarða

Stofnfjäreigendur í Sparísjóðnum í Keflavík skráðu sig fyrir um 98,5 prósentum af stofnfé sem grunnréttur þeirra gaf rétt til í nýafstöðnu stofnfjárútbóði. Að nafnverði var stofnfé aukið um tæpar 1.587 milljónir króna.

„Um 92,3 prósent stofnfjäreigenda nýttu rétt sinn til að taka þátt í útbóðinu. Af þeim sem tóku þátt í útbóðinu skráðu 69,7 prósent sig fyrir hámarksrétti. Því er tryggt að allt sem í bóði er mun seljast til stofnfjäreigenda,“ segir í tilkynningu um útbóðið, en því lauk á mánudag. „Við erum mjög ánægðir og þakklátir fyrir góða þátttöku í útbóðinu. Hún sýnir að stofnfjäreigendur hafa trú á sjóðnum,“ segir Geirmundur Kristinsson sparísjóðsstjóri SpKef. - óká

FIMMTÁN STÆRSTU*

Stofnfjäreigandi	hlutfall af stofnfé
Festa - lífeyrissjóður	9,8%
Kaupfélag Suðurnesja	8,9%
Icebank hf	8,3%
Kaupþing banki hf	6,9%
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf	4,9%
Fiskmarkaður Suðurnesja hf	4,9%
Þinghóll hf	4,4%
Félag iðn- og tæknigreina	3,2%
Suðurnesjamenn ehf	2,7%
Verslunarmannafélag Suðurnesja	1,8%
Miðvörður ehf	1,8%
F-14 ehf	1,0%
H-60 ehf	0,9%
AEG Fjárfesting ehf	0,9%
S-14 ehf	0,8%
Samtals	61,6%

*Fyrir stofnfjäreukningu

Lánin vega þyngra en vaxtamunurinn

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Þegar við skoðum vaxtamuninn er ekki nóg að horfa bara á jöklabréfin,“ segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur í Seðlabankanum.

Vaxtamunur við útlönd hefur aukist, í kjölfar lækkana á stýrivöxtum á Englandi og í Bandaríkjunum í síðustu viku. Greining Glitnis segir Norðurlöndin skera sig frá öðrum löndum, Ísland þar á meðal, þar sem vextir virðist heldur hafa verið á leiðinni upp á við.

Útgáfa krónu- eða jöklabréfa hefur verið lítil undanfarna mánuði, þrátt fyrir að mikinn vaxtamun. Greining Glitnis segir að á seinasta fjórðungi ársins hafi útgáfan numið átta milljörðum króna að nafnvirði, en á sama tíma hafi bréf fyrir fimmtán milljarða fallið á gjalddaga, að gærdeginum meðtöldum. Greiningin telur að órói á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, skert aðgengi að lánsfé og aukin áhættufælni



fjárfesta vegi þyngra en mikill munur á erlendum og innlendum skammtímavöxtum.

100 milljarðar króna að nafnvirði falla í gjalddaga á fyrsta fjórðungi næsta árs, þar af 65 milljarðar í janúar. Greiningin segir óvíst hvort framengt verði í krónubréfastöðunni. Það ráðist af skilyrðum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í byrjun næsta árs.

„Það hefði veikjandi áhrif á krónuna,“ segir Þorvarður Tjörvi, en bendir á að ekki sé nóg að líta bara til jöklabréfanna. „Erlendir fjárfestar hafa líka tekið stöður í skuldabréfum og öðru umfram þau.“ Slík viðskipti séu jafnvel meiri en með jöklabréfin.

Uppgjör stærstu fjármála fyrirtækja, fyrir seinasta fjórðung ársins, verða birt í upphafi næsta árs. Greining Glitnis segir að þau varpi frekara ljósi á umfang undirlánakrísunnar og ráði miklu um áhættusækni fjárfesta.

Útistandandi krónubréf nema nú 368,5 milljörðum króna.

Vanskil af lánum sjaldan minni

„Vanskil hafa ekki verið lægri sem hlutfall af útlánum á síðustu sjö árum,“ segir Ragnar Hafliðason hjá Fjármálaeftirlitinu.

Heildarvanskil við innlánastofnanir sem hlutfall af útlánum nema nú hálfu prósent.

Það dró úr vanskilum fyrirtækja við innlánastofnanir um 0,1 prósentustig, milli annars og

þriðja fjórðungs, en þau nema nú 0,4 prósentum.

Vanskil einstaklinga námu 0,8 prósentum við lok þriðja fjórðungs sem er 0,2 prósentustigum minna en við lok sama fjórðungs í fyrra.

Fjármálaeftirlitið bendir að aukning útlána á undanföllum misserum kunnir að koma fram í auknum vanskilum síðar. Þá

kynni þátttaka innlánastofnana í fasteignalánum að hafa haft áhrif á þróun vanskila, einkum einstaklinga.

Heildarskuldir fólks og fyrirtækja við innlánastofnanir nema nú rúmlega 4.280 milljörðum króna. Heildarvanskil in nema því yfir 21 milljarði króna. Dráttarvextir eru nú 25 prósent. - ikh

FRÁBÆR SKAMMTÍMAVÖXTUN

Sjóður 9 hentar þeim sem leita að jafnri og stöðugri hækkun eigna. Sjóðurinn fjárfestir í vixlum, innlánum eða öðrum skammtímaverðbréfum. Hann hentar sérlega vel sem skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu. Inneign í sjóðnum er alltaf laus til útborgunar samdægurs og enginn munur er á kaup- og sölugengi í sjóðnum.

SJÓÐUR 9

15.3% ávöxtun*

ÞINN ÁVINNINGUR

- Mikil áhættudreifing og frábær ávöxtun
- Sérfræðingar Glitnis stýra sjóðnum
- Ávallt innleysanlegur
- Hægt að kaupa og selja á netinu
- Enginn munur á kaup- og sölugengi
- Mjög litlar verðsveiflur

*Ávöxtun sl. 1 ár m.v. 30.11.07 – ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Glitnir Sjóðir er rekstrarfélag sjóðsins. Útbóðslýsing og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Glitnis, www.glitnir.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.GLITNIR.IS/SJODIR EÐA HJÁ EIGNASTÝRINGU GLITNIS Í SÍMA 440 4900

GLITNIR



Latitude™ D630
204.900 kr.
164.578 kr. án VSK

Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7700, 2,4 GHz
(4MB L2 cache, 800 MHz FSB)
Microsoft Windows XP™ Professional
2GB, 667MHz, DDR2, SDRAM vinnsluminni
120GB harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif
nVidia Quadro NVS 135M skjá kort
með 128MB minni
14,1" WXGA+ LCD skjár (1440 X 900 upplausn)
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

Vertu tengdur á ferð og flugi

Við kynnum Latitude D630 - léttu, þunna og geysiöfluga fartölvu fyrir athafnafólk. D630 fullnýtir afkastagetuna með auknum líftíma rafhlöðu, sparneytnu NVIDIA grafíkkorti, björtum breiðskjá og fjölmörgum þráðlausum lausnum sem tryggja nær takmarkalaus tengingu.

DELL™

* FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Intel, the Intel logo, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2007 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Latitude are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sölvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindabjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martólvan / Litlu Brú 1, Höfn / Hornafirði / 478 1300



Kvenföt valda ólgu

Í þeim taugatringi sem verið hefur á fjármálamörkuðum heimsins sjá menn ýmis teikn á lofti undarlegustu hlutum. Í The New York Times segir að minnkandi sala á kvenfatnaði fyrir þessi jól sýni að kreppan sé rétt handan við hornið í Bandaríkjunum.

Einkaneysla er það sem keyrir bandaríska hagkerfið áfram og einn af hornsteinum einkaneyslunnar er sala á kvenfatnaði.



New York Times segir að salan á kvenfatnaði fyrir þessi jól hafi valdið miklum vonbrigðum og það fái aðvörunarbjöllurnar til að hringja. Samkvæmt upplýsingum frá MasterCard er salan á kvenfatnaði í Bandaríkjunum um sex prósentum minni fyrir þessi jól en þau síðustu. Greinendur segja að þetta skýrist einkum af almennum samdrætti í hagkerfinu og að konur hafi ekki eins mikið fé á milli handanna og áður. - ss

Dregur úr vöruskiptahalla

Halli á vöruskiptum dróst saman um 5,5 prósent í Bandaríkjunum á þriðja ársfjórðungi og nam á tímabilinu 178,5 milljörðum dala, jafnvirði 11.300 milljarða íslenskra króna, samkvæmt upplýsingum bandaríska viðskiptaráðuneytisins.

Þetta er mun minna en menn gerðu ráð fyrir en svo lágar hallatölur hafa ekki sést vestanhafs í tvö ár. Menn vona nú að botninum sé náð og draga muni úr hallanum á næstunni, að sögn fréttastofunnar Associated Press.

Fréttastofan bendir á að vöruskiptahallinn hafi aukist jafnt



og þétt síðastliðin fimm ár og hafi staðið í methæðum þar til á öðrum ársfjórðungi. Hagfræðingar hafa engu að síður spáð því að draga muni úr vöruskiptahallanum á seinni hluta ársins samhliða lækkan á gengi Bandaríkjadalsins. Það virðist hafa gengið eftir, að sögn Associated Press en gengi dalsins hefur blásið í útflutning til annarra landa en dregið úr innflutningi. - jab

INNFLUTTAR VÖRUR VESTANHAFS
Heldur hefur dregið úr innflutningi til Bandaríkjanna sökum lágs gengis gagnvart öðrum myntum. MARKAÐURINN/AFP

Vöndur á lofti innan veggja Merrill Lynch

John Thain, fyrrum forstjóri bandarísk-eyrópsku kauphallarsamstæðunnar NYSE Euronext, hefur ákveðið að taka til hendinni innan veggja bandaríska fjárfestingabankans Merrill Lynch eftir að hann hóf þar störf um mánaðamótin síðustu.

Bandaríska viðskiptasjónvarpsstöðin CNBC segir Thain hafi fyrirskipað niðurskurð á bónusgreiðslum starfsmanna í ár og muni þeir sem hlutdeild eigi í taprekstri bankans upp á síðkastið verða af háum upphæðum.

Bankinn tapaði 2,24 milljörðum dala, jafnvirði rúmra 143 milljarða íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi, sem að mestu er tilkomið vegna afskrifta á skuldaþröfnunum sem tengjast bandarískum undirmáslánum. Verðmæti þeirra hefur yrnað eftir því sem vanskil hafa aukist á bandarískum fasteignalána-



FORSTJÓRINN Í JÓLATILTEKT John Thain, forstjóri Merrill Lynch, er sagður ætla að lækka bónusgreiðslur starfsmanna eftir afskriftir og tap hjá bankanum upp á síðkastið. MARKAÐURINN/AFP

markaði upp á síðkastið auk þess sem gengi bankans hefur fallið um 40 prósent á tímabilinu.

Ef lítið er yfir meðaltalið munu bónusarnir skerðast um 40 prósent á línuna. Þeir sem sinna gjalddeyrisviðskiptum verða af 20 prósentum en veðlána- og skuldavafningadeildin, sem stærstan þátt á í afskriftunum, verður að horfa á eftir 60 prósentu niðurskurð á bónusgreiðslunum. - jab

Framtíð Alitalia skýrist senn

Stjórnendur evrópska flugfélagsins Air France-KLM lögðu um helgina fram óbindandi yfirtökutilboð í ítalska flugfélagið Alitalia. Flugfélagið er ekki eitt um hituna því ítalska flugfélagið Air One hefur sömuleiðis áhuga. Talsverðu munar á tilboðunum. Þannig hljóðar tilboð Air One upp á eina evru á hlut, jafnvirði rúmra 91 krónu, á meðan Air France-KLM bauð 35 evrusent. Gengi hlutabréfa í Alitalia féll um rúm þrettán prósent eftir fréttirnar á mánudag.

Air France-KLM ætlar að auka hlutfélag Alitalia um 750 milljónir evra, tæpa 69 milljarða íslenskra króna, hið minnsta í því augnamiði að styrkja flugflotan. Ítölsk dagblöð hafa þvert



FORSTJÓRINN TALAR Jean-Cyril Spinetta Forstjóri Air France-KLM, sem vill kaupa skulduga flugfélagið Alitalia. MARKAÐURINN/AFP

á móti haldið því fram að fyrir liggi uppsagnir allt að 1.700 manns. Það er hins vegar ekki á dagskrá, að sögn stjórnenda Air France-KLM.

Alitalia, sem ítalska ríkið á tæpan helming í, hefur átt við viðvarandi rekstrarvanda að stríða og og tapar rúmri milljón evra á degi hverjum. - jab

Spá minni hagvexti á nýju ári


Útlit er fyrir að hagvöxtur dragist saman víða um heim á næsta ári. Nýmarkaðir í Asíu halda meðaltalinu uppi.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skrifar

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun á næstunni lækka hagvaxtarspá sína fyrir helstu lönd á næsta ári, að sögn aðalhogfræðings sjóðsins. Vanskilaukningu á bandarískum undirmásmarkaði í Bandaríkjunum og lausafjárkrísunni, sem legið hefur líkt og mara á helstu fjármálamörkuðum í kjölfarið, er um að kenna.

Simon Johnson, aðalhogfræðingur Aðalgjalddeyrissjóðsins, segir í samtali við svissneska viðskiptablaðið Finanz und Wirtschaft í vikubyrjun, að miðað við fyrirbyggjandi hagvísu sé útlit fyrir lægri hagvöxt víða um heim á næsta ári og muni meðaltalið færast úr 5,2 prósentum í 4,8 prósent. Hagtölurnar færast niður í flestum löndum. Öðru máli gegnir hins vegar um nýmarkaðir landa á borð við Mexíkó, Afríku, Indland og Kína en þar er búist við að hagvöxtur aukist á næsta ári. Reiknað er með að þessir markaðir haldi meðalhagvexti í heiminum uppi á næsta ári en það heyrir til algjörra nýjunga.

Sjóðurinn endurskoðaði hagspá sína fyrir árið í júlí. Þar var nær undantekningalítið dregið úr hagvaxtarhorfunum. Inn í spílaði lausafjárkrísan og verðhækkun á raforkuverði líkt og nú. Það sama var uppi á teningnum í síð-



asta mánuði og má reikna með að leikurinn endurtaki sig í byrjun næsta árs. „Við munum hvorki geta staðið við spá okkar um 1,9 prósentu hagvöxt í Bandaríkjunum á næsta ári né 2,1 prósentu vöxt í Evrópu,“ segir Johnson í samtali við blaðið. Hann bendir hins vegar á að endanlegar tölur líti ekki dagsins ljós fyrir en í janúar.

Johnson segir sömuleiðis að verðbólga hafi aukist í flestum

löndum heims auk þess sem nokkrir gjaldmiðlar séu of sterkir. Þar á meðal sé Bandaríkjadalur, sem sé hár þótt hann hafi lækkað nokkuð síðastliðin fimm ár. Sama máli gegni um olíuverð sem staðið hefur í methæðum upp á síðkastið. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vill sjá olíutunnuna fara niður í á bilinu 60 til 70 dali á tunnu í stað þess að voma í kringum 90 dali og meira líkt og nú, að sögn Johnsons.

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRID
Stærri snertiflötur - aukid öryggi

- Tviliða munstur Eykur gripöryggi og stuðlar að betri aksturs-eiginleikum við hennun og í beygjum
- Tennt brún Eykur gripöryggi
- Bylgjött munstur Til að tryggja betra veggrip
- Prívíðir gripkubbar Zik-Zak löðrétt lögun kubbanna tryggir minni hreyfingu á þeim og aukna rásfestu

TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur

Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkjum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.

561 4110

NESDEKK
Fiskilóð 30

TOYO TIRES
Umhverfisvæn valkostur í stað nagladekkja

Bilabúð
Benni

Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opíð virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.





*Starfsmenn Teris óska viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

Pökkum um leið ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Við hlökkum til að takast á við krefjandi verkefni framtíðar með þér.

KRAFTAVERK

Teris er framsækið upplýsingafyrirtæki og leiðandi í þjónustu við fyrirtæki á fjármálamarkaði. Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar heildarlausnir og gegna lykilhlutverki á upplýsingatæknisviði þeirra.

TERIS
-Tákn um þekkingu

Hlíðasmára 19
201 Kópavogur
Sími 563 3300
www.teris.is

Milljarðar úr landi og framhjá skattinum

Skattrannsóknarstjóri segir að skattsvikamálum með erlendum tengingum hafi fjölgað. *Ingimar Karl Helgason* rýndi í erlendar tengingar og komst að því að undanfarin þrjú ár hefði um fimmtán milljörðum króna verið skotið undan skatti með slíkum hætti. Til stendur að gera söluhagnað af hlutabréfum skattfrjálsan.

Pað er ekkert sem bendir til þess að þetta hafi minnkað,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri um umfang skattsvika með erlendum tengingum.

Fram kemur í skýrslu starfshóps sem mat umfang skattsvika hér á landi árið 2003 að ætla mætti að slík skattsvik næmu um einu til einu og hálfu prósentu af tekjum ríkisins. Skattsvik hér á landi næmu í heildina á bilinu 8,5 prósentum og allt upp í 11,5 prósent af tekjum ríkisins.

Fram kemur í skýrslu skattsvikanefndarinnar að slík skattsvik með erlendum tengingum hefðu á síðustu árum í raun verið viðbót við svarta atvinnustarfsemi, aðrar vanframtaldar tekjur, bókhalds- og framtalssvik.

ATVINNUSKATTSVIK?

Ætla má að skattsvik í gegnum erlend félög hafi numið um fimmtán milljörðum króna undanfarin þrjú ár.

„Það virðist sem nú á dögum sé það viðtekið og þyki sjálfsagt að [fagmenn og fyrirtæki sem veita þjónustu og ráðgjöf í skattamálum einstaklinga og fyrirtækja] veiti ráðgjöf sem beinlínis miðar að því að komast undan eðlilegri skattlagningu. Ýmsir aðilar í ráðgjafarstörfum og jafnvel fjármálastofnanir sérhæfa sig í að ráðleggja mönnum hvernig vista á fé með þeim hætti að það sé utan seilingar skattfyrirvalda,“ segir í skýrslu skattsvikanefndarinnar.

„Þetta er bara alveg út í hött og er alls ekki svona,“ segir Elín Árnadóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfærðirráðgjafar hjá PricewaterhouseCoopers (PwC). „Skattalegt hagræði er bara allt annað mál,“ segir Elín og bætir því við að hlutverk PwC og svipaðra fyrirtækja sé að finna hagkvæmustu leiðir fyrir viðskiptavinum sína. Viðskiptavinirnir eigi ávallt frumkvæðið, setji fram óskir og fyrirtækið aðstoði. Þetta sé yfirleitt ekki þannig að fyrirtækið hjálpi viðskiptavininum að finna glufur í skattalöggjöfinni. „Við erum ekki að ýta einu eða einu ólöglegu að mönnum.“

Hún nefnir dæmi af hollenskum eignarhaldsfélögum. Þar sé söluhagnaður af hlutabréfum ekki skattlagður, séu tiltekin skilyrði uppfyllt. „Það er svo þannig hér á landi, að menn geta frestað skattlagningu söluhagnaðar og endurfjárfest. Svo það er ekki eins og þessi skattur hefði endilega skilað sér.“

NÝIR MÁLAMYNDAGERNINGAR

Skattsvikanefndin segir að skattsvik með erlendum tengingum fari fram í viðskiptum, fyrst og fremst fjármálaviðskiptum við erlenda aðila. Bæði sé þar um að ræða raunveruleg viðskipti tengdra aðila eða hreina málamyndagjörninga. Svona lagað sé þó ekki séríslenskt fyrirbæri heldur hafi þess háttar skattsvika gætt um allan heim.

Skattsvik með erlendum tengingum séu ýmist þannig til komið að hægt sé að leyndu fé og athöfnum utan lögsögu Íslands eða flytja þangað hagnað og eignir án þess að slíkt byggist á sérstökum ákvæðum íslenskra laga. Þá sé einnig um að ræða skattsvik sem byggist á sérákvæðum íslenskra laga.

ÍSLENSKT EÐA ERLENT EIGNARHALD

Eignatengsl íslenskra fyrirtækja hafi skapað þeim fleiri tækifæri en áður til að hagræða viðskiptum til að komast hjá skattlagningu. Stór hluti stærstu fyrirtækja landsins sé til að mynda með starfsemi í mörgum löndum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, benti á það fyrir skömmu að erlent



„Skattar eru það gjald sem við greiðum fyrir að búa í síðuðu samfélagi.“

*Oliver Wendell Holmes jr. (1841-1935),
dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna.*

eignarhald fyrirtækja í Kauphöllinni hefði í september numið 41 prósentu og hefði aukist mikið frá sama tíma í fyrra. Aukningin væri merki um aukna erlenda fjárfestingu hérlandis, þótt ljóst væri að mikið væri um að Íslendingar geymdu eign sína í erlendum félögum.

Friðrik Már Baldursson hagfræðiprófessor sagði þekkt að þetta væri í töluverðum mæli. „Til dæmis að farið sé með eignir til Hollands. Það er augljóst að þetta er af skattalegum ástæðum,“ sagði Friðrik.

Æskilegast væri að Íslendingar breyttu sínu skattamhverfi til þess að draga úr hvatanum til þessa.

Athugun Markaðarins leiddi í ljós að í stærstu fyrirtækjunum í Kauphöllinni væri stór hluti erlendra eignar í raun íslenskur.

Svo nokkur dæmi séu tekin ætti Exista B.V., næstum fjórðungshlut í Kaupþingi.

Exista B.V. er að öllu leyti í eigu Exista hér heima. Þá væri næststærsti eigandi kaupþings Eglu Invest B.V., félag í eigu íslenskra aðila sem einnig er skráð í Hollandi.

Stærsti eigandi Alfesca er Kjalar Invest B.V. sem er í eigu Íslendinga.

FL Group geymir þriðjungs hlut sinn í Glitni í hollenskum félögum.

Þá eru dæmi um flóknari tengsl þar sem eigandinn er íslenskur en eignin er geymd erlendis. Samson eignarhaldsfélag er skráð fyrir ríflega 40 prósentu hlut í Landsbankanum. Samson, sem er skráð hér á landi, er svo aftur að mestu í eigu tveggja félaga í eigu Björgólfsfeðga. Þeir geyma eign sína í

tveimur eignarhaldsfélögum; Givenshire og Bell Global. Eftir því sem næst verður komist eru þessi félög skráð á Jersey og á Kýpur.

Þessi dæmi eru þó aðeins það sem sést á yfirborðinu. Eftir því sem næst verður komist eru eignakeðjurnar stundum mun lengri og flóknari en hér kemur fram.

EKKI ÓLÖGLEG TAD SKRÁ EIGN ERLENDIS

Þótt eignin sé geymd í erlendum félögum er ekki þar með sagt að menn svíki undan skatti eða þá að skráningin sé í sjálfu sér ólögleg. Til að mynda verður ekkert fullyrt um slíkt þótt félög séu skráð í Ermarsundi eða á Kýpur.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að skattfyrirvöld hérlandis fylgist með þessum erlendu skráningum „en það er í sjálfu sér ekkert ólöglegt við þær“.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri bendir hins vegar á að skattsvikamálum með erlendum tengingum hafi fjölgað mikið undanfarin ár. Ekki sé langt síðan mál af slíku tagi hafi verið óþekkt.

SÖLUHAGNAÐUR SKATTFRJÁLS

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á skattalögum. Verði það samþykkt, verður hagnaður af sölu hlutabréfa skattfrjáls. Söluhagnaðurinn hefur numið hundruðum milljarða króna undanfarin ár. Samkvæmt frumvarpinu verði ekki lengur hægt að fresta söluhagnaðnum eins og hingað til, en

þær frestanir hafa meðal annars orðið til þess að menn hafa geymt hlutabréfaeign sína erlendis.

Skattfrelsið er bundið við félagafarm, þannig að sameignar-, samlagsfélög og einstaklingar í atvinnurekstri njóta ekki þessa skattfrelsis.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, sem búist er við að fjármálaráðherra mæli fyrir á vörþingi, að fyrirtæki hafi hingað til komið sér undan því að greiða skatta af sölu hlutabréfa. Þess vegna sé talið að breytingarnar á skattalögum hafi hverfandi áhrif á tekjur ríkissjóðs.

LÆGRI SKATTAR DRAGA EKKI ÚR SKATTSVIKUM

Þróun skattsvika í Danmörku á síðustu öld er ekki í takt við þær hugmyndir að lægri skattar dragi einir og sér úr skattsvikum. Í upphafi síðustu aldar má ætla að fjórðungur og upp undir þriðjungur tekna hafi ekki verið talinn fram. Þetta hlutfall hafi síðan lækkað og verið komið niður í fimmtung í byrjun fjórða áratugarins. Þá lækkaði það enn og var komið niður í um fimm prósent um 1980.

Í skattsvikaskýrslunni segir að sívaxandi skattþyrði í Danmörku hafi ekki orðið til að auka skattsvik, eins og mátt hafi ætla. Áhrif aukinnar skattþyrði hafi verið vegin upp með öðrum þáttum. Menn hafi sætt sig við aukna skatta vegna aukinnar velferðar. Þá hafi menn líka þælt mjög í áhættunni um að skattsvik kæmst upp. Þá virðist einstakar breytingar á skattalögum ekki hafa haft áhrif á þróun skattsvika. Stöðug lækknun skattsvika á þessu tímabili virðist því ekki staðfesta tvær algengar tilgátur til að skýra skattsvik.

HELSTU LEIÐIR

Í skýrslu skattsvikanefndarinnar eru taldir upp helstu leiðirnar til að komast undan sköttum í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum.

- Eignir og tekjur erlendis ekki taldar fram
- Innlend þjónusta seld í nafni erlendis félags
- Vinna hér á landi fyrir erlent félag
- Málamyndabúseta erlendis
- Yfirfærsla hagnaðar til erlendis dótturfélags
- Viðskipti við fjármunaleigur í skattaparadisum
- Stofnun eignarhaldsfélaga í skattaparadisum og á vildarsvæðum
- Kaupréttarsamningar og erlent eignarhaldsfélag
- Skattaparadisir og skattavildarreglur

HVERS VEGNA?

Eftirfarandi þættir eru taldir hafa megináhrif á það hvers vegna menn séu tilbúnir til að skjóta tekjum sínum undan skatti:

- Ávinningur af skattsvikum
- Fjárhagsleg viðurlög vegna skattsvika
- Líkur á að upp um skattsvik komist
- Refsingar við skattsvikum
- Skattsvikatækifæri
- Ríkjandi félagsleg viðhorf
- Viðhorf og þarfir einstaklingsins
- Manngerð

UPPHÆÐ SKATTSVIKA

Miðað er við að skattsvik í gegnum erlend samskipti nemi einu og hálfu prósentu í töpuðum skatttekjum ríkisins:

	Heildarskatttekjur	Upphæð skattsvika
2004	295.684.000	4.435.260
2005	335.223.000	5.028.345
2006	377.153.000	5.657.295

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum



MARKAÐSVAKTIN

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Hátíðlegar og glæsilegar Sælkeragjafir



Karfa 1
kr. 1.980-



Karfa 2
kr. 2.790-



Karfa 3
kr. 3.690-



Karfa 4
kr. 5.390-



Karfa 5
kr. 7.990-



Karfa 6
kr. 12.900-

KOKKARNIR Veislupjónusta stílar inn á að vera alltaf með það nýjasta og ferskasta hverju sinni ásamt hinu hefðbundna.

Vertu í sambandi og settu saman þína eigin sælkerakörfu

í Osta- og Sælkeraborðinu
Hagkaupum í Kringlunni og Smáralind

Hringdu og fáðu upplýsingar í síma 511 4466
eða sendu tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is

www.kokkarnir.is

Skrúfan herðist við óbreytt

Ekki eru allir á einu máli um hvaða niðurstöðu Seðlabanki Íslands muni kynna á aukavaxtaákvörðunardegi bankans á halda vöxtum óbreyttum eða hækka um 0,25 prósentustig. Í hagkerfinu eru vísbendingar um aukna þenslu, um leið og drátt á næstu misserum. Þá er hart í ári á fjármálamörkuðum, verð hlutabréfa hefur lækkað og sér ekki fyrir endann á í Bandaríkjunum. Sömuleiðis hefur vaxtamunur við útlönd aukist eftir nýlegar stýrivaxtalækkanir í Bandaríkjunum og Kristján Ármannsson tók tali nokkra helstu sérfræðinga þjóðarinnar í hagstjórn og málefnum Seðlabankans. Annars vegar bankann kynna á morgun og hins vegar hvaða leið bankinn ætti að fara í ákvörðun sinni.



ÓLAFUR ÍSLEIFSSON Ólafur, sem er lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og einn af helstu efnahagsfræðingum þjóðarinnar, segir stýrivexti hér svo háa að óþarft sé að hækka frekar. MARKADURINN/GVA

Stýrivextir munu standa í sléttum fjórtán prósentum taki Seðlabanki Íslands ákvörðun um 0,25 prósentustiga vaxtahækkun á aukavaxtaákvörðunardegi bankans á morgun. Slík hækkun væri raunar í takt við þann vaxtaferil sem Seðlabankinn hefur kynnt í efnahagsriti sínu Peningamálum og þá skoðun sem lýst var á síðasta vaxtaákvörðunarfundi bankans 1. nóvember síðastliðinn, að yrði hagþróun hér ekki hagfelld gæti komið til þess að vextir hækkuðu enn frekar. Á þeim fundi kynnti bankinn 0,45 prósentustiga hækkun stýrivaxta, upp í 13,75 prósent. Þar áður voru stýrivextir Seðlabankans síðast hækkaðir í desember í fyrra.

Í Peningamálum, efnahagsriti Seðlabankans sem út kom samhliða síðustu stýrivaxtaákvörðun, var birt sú þjóðhags- og verðbólguþá sem lá til grundvallar vaxtaákvörðun bankans. Þar er spáð tæplega 1,0 prósentu hagvexti á þessu ári, 0,4 prósentum á því næsta og 2,0 prósentu samdrætti í vergri landsframleiðslu árið 2009. Síðasta fimmtudag birti Hagstofa Íslands tölur um hagvöxt sem virðist stefna í að verða töluvert meiri á þessu ári en Seðlabankinn reiknaði með í spá sinni. Á fyrstu níu mánuðum ársins mældist hagvöxtur hér 2,7 prósent.

NEIKVÆÐARI ÁHRIF EN ENNI STANDA TIL

Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir ljóst að með vaxtalækkuunum seðlabanka austanhafs og vestan hafi vaxtamunur milli Íslands og umheimsins aukist. „Það að halda vöxtum

óbreyttum jafngildir þess vegna vaxtahækkun, í ljósi þess að vextir hafa lækkað í umheiminum,“ segir hann og bætir við að vegna þessa þyrfti Seðlabankinn líklega að lækka vexti um 25 punkta til þess eins að viðhalda óbreyttum vaxtamun. „Því auðvitað gildir vaxtamunurinn í þessum efnu og ljóst að vextirnir eru komnir í þær ofurhæðir að ekki breytir öllu um atferli manna hvort þeir eru 25 punktum hærri eða lægri.“ Ólafur segir að ákvörðun um stýrivexti hljóti að taka mið af hinu viðkvæma markaðsástandi sem nú ríkir og um leið þeirri staðreynd að seðlabankar í umheiminum leitist nú við að afstýra niðursveiflu.


Greiningardeild Landsbanka Íslands metur hins vegar stöðuna svo að allar líkur séu á að Seðlabankinn hækki stýrivexti á morgun. Bankinn spáir 25 punkta hækkun.

Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans, segir mat greiningardeildarinnar að Seðlabankinn muni hækka stýrivexti á morgun. Sjálfur segist hann þeirrar skoðunar að bankinn ætti ekki að hækka vexti.

„Vaxtahækkun yrði í takt við það sem bankinn hefur sagt um þörf á meira aðhaldi vegna vísbendinga um efnahagslega þenslu,“ segir Björn Rúnar og bætir við að millitölur Hagstofunnar um hagvöxt hafi ýtt fremur undir slíka túlkun á þróun hagstærða. „Við erum með hagvöxt upp á 4,3 prósent á þriðja ársfjórðungi og ákveðinn stígandi í

hagkerfinu innan ársins. Það sama má svo segja um einkaneyslu, sem er ein meginvísingurinn um eftirspurnina.“ Björn Rúnar segir líka að fjárfesting hafi dregist minna saman en reiknað hafi verið með og þótt fram undan væri frekari samdráttur í fjárfestingu túlki bankinn trúlega stígandi í hagvexti og einkaneyslu sem merki um of mikla þenslu. „Svo má auðvitað segja að vinnumarkaður sé áfram á fullu blússi, atvinnuleysi er enn mjög lágt, eða 0,8 prósent, og ber því allt að sama brunni hvað þetta varðar,“ segir hann og telur að Seðlabankinn vilji koma á framfæri ákveðnum skilaboðum um að frekara aðhalds sé þörf með 25 prósentustiga hækkun stýrivaxta. „En á móti kemur náttúrliga þessi órói á alþjóðamörkuðum og sú staðreynd að erlendir seðlabankar hafa verið að lækka, svo sem í Bretlandi og Bandaríkjunum. Það eykur auðvitað aðhaldið í einhverjum skilningi.“

Björn Rúnar segist hins vegar sjálfur telja vaxtahækkun misráðna, hún sé aðgerð sem fresti vandanum fremur en leysi hann. „Ég held að samdráttur á fasteignamarkaði sé rétt handan við hornið og 25 punkta hækkun á stýrivöxtum til eða frá breyti engu þar um. Síðan held ég að þessi hliðaráhrif sem háir stýrivextir hafa á gengi krónunnar séu neikvæð þegar upp er staðið. Þau halda uppi af mikilli eftirspurn eftir innflutningi og búa í haginn fyrir gengisfellingu síðar,“ segir Björn Rúnar og kveðst telja að lækkun



GREININGARDEILD KAUPÞINGS

Hækkar ekki vexti

Greiningardeild gerir ekki ráð fyrir vaxtahækkun á næsta vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans hinn 20. desember. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi bankans 1. nóvember síðastliðinn – lausafjárskortur á alþjóðamörkuðum er enn viðvarandi og hlutabréfaferð hefur haldið áfram að lækka um allan heim. Það er nú ljóst að lausafjárkreppan mun brátt fara að verka sem hemill á íslenska hagkerfið þar sem lánakjör hafa versnað í útlöndum og íslenskar lánastofnanir eru orðnar mjög tregar til útlána líkt og systur þeirra ytra. Flest bendir til þess að veðrabrigði séu í nánd hérlendis með kólnun hagkerfisins – um leið og jólaskapið rennur af mönnum á nýju ári og gríðarlega háir raunvextir fara að segja til sín.



ÁSGEIR JÓNSSON Ásgeir, sem er forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, telur stýrivaxtahækkun nú óráðlega og býst við óbreyttum vöxtum.

MIKILL ÁRANGUR AF SÍÐUSTU VAXTAHÆKKUN

Við þetta bætist einnig að síðasta vaxtahækkun hinn 1. nóvember síðastliðinn hefur skilað verulegu aðhaldi, svo sem með hækkun á vöxtum allra fasteignalánveitenda hérlendis. Aukinheldur hafa þeir lykiltatburðir sem nefndir voru í síðustu Peningamálum sem ástæða fyrir frekari vaxtahækkunum – þ.e. nýir kjarasamningar og lækkun krónunnar – ekki komið fram. Það er ólíklegt að mati Greiningardeildar að Seðlabankinn hækki vexti ofan

í ógerða kjarasamninga eða ósamþykktar skattalækkanir af hálfu ríkisins – enda engin ástæða til þess að ætla að óreyndu að aðilar vinnumarkaðarins fari út fyrir sett mörk varðandi efnahagslegan stöðugleika. Að sönnu hefur verðbólga mælst fremur há í síðustu mælingum en hana má að miklu leyti rekja til herra verðs á olíu og matvælum – sem eru þættir sem ráðast af heimsmarkaði og Seðlabanki Íslands hefur ekki vald á. Enn fremur hefur síðasta vaxtahækkun sjálf leitt til þess að húsnæðiskostnaður hefur hækkað í vísitölu neysluverðs.

HRAÐARA VAXTALÆKKUNARFERLI

Sama hver ákvörðun Seðlabankans verður á fimmtudaginn næstkomandi eru auknar líkur á kólnun hagkerfisins og þar með hraðara vaxtalækkunarferli. Lausafjárkreppan ytra hlýtur að hliðra öllum hagvaxtarhorfum til og einnig leiða til mun hraðara vaxtalækkunarferlis á árunum 2008 til 2009 samhliða verri hagvaxtarhorfum. Slíks sér enn ekki stað í hagtölum – ekki enn – en hlýtur að gerast eftir þrjá til sex mánuði miðað við núverandi aðstæður á lánamörkuðum. Sú staðreynd virðist ekki enn hafa verið verðlögð inn á lengri endanum á skuldabréfmarkaðinum hérlendis.

Hálffimm-fréttir 17. desember 2007

GREININGARDEILD GLITNIS

Óbreyttir vextir að sinni

Bankastjórn Seðlabanka Íslands mun koma saman í vikunni og tilkynna stýrivaxtaákvörðun sína á fimmtudag klukkan ný. Við spáum því að bankastjórn haldi óbreyttum vöxtum í 13,75 prósentum enn um sinn.

Líkur á stýrivaxtahækkun hafa þó heldur aukist að undanfögnu. Verðbólguþrýstingur hefur farið vaxandi síðustu mánuði ársins, mæld verðbólga var 5,9 prósent á ársgrundvelli í desember og undirliggjandi verðbólga nálgast 8 prósent. Verðbólgan hefur verið yfir spá Seðlabankans þennan tíma. Þá benda landsframleiðslutölur fyrstu þriggja fjórðunga ársins til meiri hagvaxtar og framleiðsluspennu á árinu en Seðlabankinn reiknaði með í þjóðhagsspá þeirri sem kom út 1. nóvember.

Á móti vegur að sviptingar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum að undanfögnu hafa leitt til þess að lánskjör fjármálafyrirtækja hafa versnað og framboð lánsfjármagns hefur dregist saman. Þetta mun draga úr eftirspurn í hagkerfinu á næstunni og þar með verðbólguþrýstingi. Þá munu eignaverðsáhrif lækkunar á hlutabréfamarkaði að undanfögnu einnig draga úr innlendra eftirspurn. Þessu til viðbótar hafa líkur á hægum hagvexti á næstunni í Bandaríkjunum og víðar meðal helstu viðskiptalanda aukist. Við þetta má bæta að kjarasamningar standa nú yfir en niðurstaða þeirra skiptir miklu um hvert er skynsamlegt næsta skref Seðlabankans. Við búumst við hörðum tóni Seðla-



INGÓLFUR BENDER Ingólfur, sem er forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, telur að stýrivextir eigi að vera óbreyttir.

bankamanna í þeim rökstuðningi sem fylgir vaxtaákvörðun þeirra á fimmtudaginn kemur. Þeir munu halda galopnum þeim möguleika að vextir verði hækkaðir á þarnaesta vaxtaákvörðunarfundi þeirra sem er 14. febrúar næstkomandi og halda stíft fram þeirri skoðun að svigrúm til vaxtalækkunar muni ekki skapast fyrir en eftir mitt næsta ár.

Greining Glitnis 17. desember 2007

ta vexti

morgun. Hann er ýmist talinn munu g uppi eru væntingar um sam- málum tengdum undirmáslánum Bretlandi og víðar í heiminum. Óli var spurt hvaða ákvörðun þeir teldu

vaxta væri að mörgu leyti gáfulegri aðgerð að þessu sinni.

VERÐBÓLGUMARKMIÐ Í AUGSÝN

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, segist hins vegar telja að Seðlabankinn haldi stýrivöxtum óbreyttum þótt líkur á hækkuðum hafi vissulega aukist með nýjum hagtölum, svo sem um verðbólgu og hagvöxt. „Þótt þær bendi til meiri verðbólguþrýstings en fyrri spár og tölur gerðu ráð fyrir þá kemur á móti það sem er að gerast í alþjóðamálum. Við sjáum hægari hagvöxt í Bandaríkjunum, Bretlandi og víða í Evrópu og svo veiga líka á móti til næstu mánaða eignaverðsáhrifin af lausafjárþurrðinni sem er í gangi og þróun í útlánnum bankanna.“

Þá segist Ingólfur þeirrar skoðunar að Seðlabankinn sé á rétttri leið. „Síðast sagði ég að þeir ættu að hækka vexti, sem þeir og gerðu. Núna held ég þeir ættu að halda vöxtum óbreyttum,“ segir hann og telur að þegar litið sé fram á næsta og þarnaesta ár sé fyrirséð að verðbólguþrýstingur muni hjaðna. „Kannski ekki hratt, en ætti samt að hjaðna, samhliða því að vöxtum verði haldið óbreyttum. Samkvæmt okkar spá ætti bankinn að ná verðbólgu markmiði eftir tvö ár miðað við núverandi vaxtastig og svo heldur hægari lækkun en



þeirra vaxtaferill gerði ráð fyrir síðast.“

Í svipaðan streng tekur Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka. „Ég held að Seðlabankinn muni ekki hækka vexti og það á hann heldur ekki að gera,“ segir hann spurður álits á væntanlegri ákvörðun Seðlabankans á aukaákvörðunardegi stýrivaxta. Um leið segir Ásgeir ekki alveg komið að því að bankinn geti hafið lækkunarferli stýrivaxta. „Horfur í efnahagslífinu eru nú að snúast mjög hratt,“ segir hann og vísar til þrenginga á lausafjármörkuðum úti í hinum stóra heimi. „Ég held að bankinn væri að taka of mikla áhættu ef hann ætlaði að hækka vexti núna.“ Þá

bendir Ásgeir líka á að hér hafi verið öflug viðbrögð við síðustu stýrivaxtahækkun Seðlabankans. „Hún kom strax fram með kröftugum hætti í hækkuð útlánvaxta bankanna. Þar fyrir utan hefur hlutabréfaverð fallið mikið að undanfögnu og vísbendingar um mikla kólnun á fasteignamarkaði.“

Kæmi til vaxtahækkunar nú segir Ásgeir að gengi krónunnar myndi líklega styrkjast eitthvað. „Og krafan myndi hækka ennþá meira á skuldbréfamarkaði, en ég veit svo sem ekki með önnur bein áhrif. Í sjálfu sér munar kannski ekki svo um einhverja 25 punkta þegar vextir eru komnir þetta hátt á annað borð. Það sem skiptir mestu núna eru horfurnar á næsta ári og hve hratt vaxtalækkunarferlið getur átt sér stað. En því lengur sem lausafjárþurrðin ytra varir, þeim mun meiri líkur eru á kólnun hagkerfisins og hraðari lækkunum.“


RÉTT FYRIR VAXTAÁKVÖRÐUNAR- KYNNINGU Farið yfir ákvörðunina við upphaf síðasta vaxtaákvörðunarfundar Seðlabankans 1. nóvember síðastliðinn. Frá vinstri: Arnór Sighvatsson aðalhafgræðingur, Ingimundur Friðriksson og Eiríkur Guðnason seðlabankastjórnar og Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands.

MARKADURINN/GVA



FRÁ FUNDI VIÐSKIPTARÁÐS UM STYRIVEXTI Vaxtastefna Seðlabankans var til umræðu á fundi Viðskiptaráðs Íslands eftir vaxtaákvörðun Seðlabankans í byrjun nóvember. Hér má sjá Arnór Sighvatsson aðalhafgræðing Seðlabankans, Ásgeir Jónsson frá Kaupþingi, Ingólfur Bender frá Glitni og Björn Rúnar Guðmundsson frá Landsbankanum.

MARKADURINN/ANTON



GREININGARDEILD LANDSBANKANS

Hækkar um 25 punkta

Þróun verðbólgunnar síðustu mánuði hefur ekki verið í takt við það sem Seðlabankinn reiknaði með í síðustu Peningamálum frá því í byrjun nóvember. Nú er ljóst að verðbólgan á fjórða ársfjórðungi verður 5,2 prósent en ekki 4,8 prósent eins og spá Seðlabankans gerði ráð fyrir. Horfur fyrir næsta ár eru óljósar en ljóst má vera að töluvert langt er í land til þess að markmið um 2,5 prósent verðbólgu verði að veruleika.

Hagstofan birti tölur um landsframleiðslu á þriðja ársfjórðungi þar sem í ljós kemur að hagvöxtur var 4,3 prósent á ársgrundvelli og hefur aukist jafnt og þétt það sem af er ári. Aukning einkaneyslnnar er enn meiri eða 7,5 prósent á þriðja ársfjórðungi en einkaneyslan hefur einnig vaxið með stífgandi hraða það sem af er ári. Tölur um kortaveltu fyrstu ellefu mánuði ársins benda til þess að eitthvað kunni að draga úr vexti einkaneyslnnar á fjórða ársfjórðungi, en ljóst má vera að í heild verður aukning einkaneyslnnar nokkuð umfram það sem Seðlabankinn spáði í nóvember. Aðrar vísbendingar sem Seðlabankinn er líklegur til að taka mið af eru tölur um atvinnuleysi sem ekki benda til þess að slaki sé að myndast í hagkerfinu.

Það sem líklegast er til þess að halda aftur af vaxtahækkunum Seðlabankans við núverandi aðstæður er fyrst og fremst óróinn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, sem dregið hefur úr útlánagetu fjármála fyrirtækja, þar með talið þeirra íslensku. Lækkun stýrivaxta í Bandarík-



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON Björn Rúnar, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans, telur að stýrivextir eigi að lækka, en býst við 25 punkta hækkun.

unum og í Bretlandi hefur í raun aukið aðhald peningastefnunnar vegna hækkandi vaxtamunar. Það er einnig umhugsunarvert hversu ákveðið Seðlabankinn í Bandaríkjunum hefur framfylgt vaxtalækkunarstefnu þrátt fyrir að verðbólgan þar á bæ fari hratt vaxandi.

Að okkar mati mun Seðlabankinn fyrst og fremst horfa til vaxandi verðbólgu og aukins hagvaxtar við ákvörðun stýrivaxta á fimmtudaginn í næstu viku. Í ljósi framvindunnar síðustu vikur og röksemdafærslu í síðustu Peningamálum þegar vextir voru hækkaðir um 45 punkta, virðast mestar líkur á því að niðurstaðan verði enn frekari hækkun vaxta um 25 punkta að þessu sinni. Stýrivextir hækka því í 14% gangi spá okkar eftir.

Vegvísir Landsbankans 14. desember 2007

SEÐLABANKI ÍSLANDS



SEÐLABANKI ÍSLANDS Hækkun stýrivaxta á aukavaxtaákvörðunardegi Seðlabankans á morgun er sögð í takt við stefnulýsingu bankastjórnar. Ýmsar ytri aðstæður og væntingar um hjöðnun í hagkerfinu eru svo sagðar draga úr líkum á vaxtahækkun.

MARKADURINN/GVA

Án aðhalds væri verðbólga meiri — Úr stefnuýfirlýsingu bankastjórnar Seðlabanka Íslands á síðasta vaxtaákvörðunardegi 1. nóvember.

Mikil verðbólga og viðskiptahalli sýna að eftirspurn þarf að dragast saman eigi jafnvægi að nást í þjóðarþúskapnum. Frestun á slíkri aðlögun mildar ekki áhrifi n til lengdar. Ákvörðun um hækkun stýrivaxta nú endurspeglar þá afstöðu bankastjórnar að langtímahagsmunum þjóðarinnar sé best borgið með því að verðbólgu markmiðinu verði náð innan viðunandi tíma. Að öðru óbreyttu næst það ekki nema með því aukna aðhaldi sem hækkun vaxta nú felur í sér.

Án þess stranga peningalega aðhalds sem veitt hefur verið væri verðbólga

mun meiri en þó er, með alkunnum afl eidingum fyrir afkomu og efnahag fyrirtækja og heimila. Því verður að brjótast út úr þeim verðbólguviðjum sem þjóðarþúskapurinn hefur verið fl æktur í. Það gerist ekki átakalaust. Slakara aðhald nú myndi aðeins leiða til þrálátari verðbólgu og sársaukafyllri aðlögunar síðar. Öllum má vera ljóst að því minna sem aðhaldið er á öðrum sviðum efnahagslífsins, í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, á vinnurmarkaði og í útlánnum fjármála fyrirtækja, því meira er lagt á stefnuna í peningamálum.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Fjármálaeftirlitið synjaði umsókn FL Group og Jötuns.

Hluthafar Glitnis þurfa skýringar

Björgvin Guðmundsson

Ekki hafa verið gefnar skýringar á því af hverju Fjármálaeftirlitið synjaði sameiginlegri umsókn FL Group og Jötuns Holding um heimild til að eiga og fara með allt að 39,9 prósent eignarhlut og samsvarandi atkvæðisrétt í Glitni banka. Úrskurður Fjármálaeftirlitsins var birtur á fimmtudaginn í síðustu viku og tilkynning birt í Kauphöll Íslands í kjölfarið.

Hinn 1. júní í sumar sóttu félögin um heimild FME til að fara með tæplega fjórutíu prósent eignarhlut í bankanum, sem kom í kjölfar hluthafasamkomulags þeirra og fól í sér samstarf um kjör stjórnarmanna.

Eignarhlutur Jötuns í Glitni er 6,85 prósent. Félagið er í eigu Baugs Group, Fons og West Coast Capital, sem er í eigu Tom Hunter, samstarfsmanns Baugs í mörgum verkefnum erlendis.

Eignarhlutur FL Group í Glitni nemur 31,97 prósentum. Baugur fer nú með rúmlega 36 prósent hlut í FL Group og lá það fyrir áður en úrskurður FME var gerður opinber. Fons, sem er í meirihlutaeigu Pálma Haraldssonar, á rúm sex prósent í FL Group.

Samkvæmt þessu fara sömu aðilar með stóran eignarhlut í FL Group og Jötni.

Í fréttatilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu er þetta haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra eftirlitsins: „Eftir ítarlega skoðun er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að miðað við fyrirliggjandi forsendur sé þrengra eignarhald ekki heppilegt fyrir bankann. Eftir stendur kjölfestuhlutur sem felur í sér mikla ábyrgð þeirra aðila sem með hann fara.“

FL Group hefur áfram leyfi til að fara með allt að 33 prósent eignarhlut í Glitni. Í tilkynningu frá FME segir að FL Group og Jötni beri að selja eignarhluti sína í Glitni umfram 32,99 prósent innan tiltekinn tíma. Það eru tæp sex prósent í bankanum. Í tilkynningu frá félögunum kemur fram að þau afsali sér atkvæðisrétti Jötuns og hafi tekið upp viðræður við FME um næstu skref. Leitast verði við að skipta eignarhlut Jötuns í Glitni milli hluthafa þess.

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skal sækja um leyfi til FME ef eignarhlutur hluthafa eða tengdra aðila fer yfir 33 prósent. Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort umsækjandi sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Eru ýmis atriði höfð til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.

Það sem hluthafar Glitnis eiga heimtingu á að vita er af hverju þessi tvö félög geti ekki farið með meira en 33 prósent í bankanum að mati Fjármálaeftirlitsins. Þýður fjárhagsstaða þessara aðila ekki upp á það, en þeir eru fyrir stórir hluthafar? Vantaði upplýsingar? Hafa einhver dómsmál áhrif á þessa niðurstöðu? Hvað er það sem ræður þessari ákvörðun FME?

Í ummælum forstjóra FME segir að þrengra eignarhald sé „ekki heppilegt fyrir bankann“. Er það almenn regla sem forstjórinn er að setja um eignarhald fjármálafyrirtækja? Mun sú regla gilda um aðrar fjármálastofnanir í framtíðinni? Jónas Fr. Jónsson hefur lýst þeirri skoðun sinni opinberlega að hann telji óeðlilegt að tengdir aðilar fari með meira en 33 prósent í skráðu félagi án þess að yfirtökuskylda myndist. Tengist sú afstaða þessari afgreiðslu?

Það er nauðsynlegt að forstjóri Fjármálaeftirlitsins stígi fram og útskýri afstöðu og forsendur eftirlitsins. Hluthafar og stórir fjárfestar þurfa frekari skýringar. Og til þess þarf að svara spurningum fjölmiðla.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olivr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Íslenskt áhættuálag

ORD Í BELG

Frosti Ólafsson
hagfræðingur
Viðskiptaráðs
Íslands



yfir áhyggjum af styrkleika og fjármögnunarsamsetningu bankanna og efnahagslegt ójafnvægi íslenska hagkerfisins var mikið til umræðu. Að ýmsu leyti var um réttmæta gagnrýni að ræða en í sumum tilfellum byggðist hún á vanþekkingu á íslensku fjármálakerfi. Þar var að hluta til aukinnar upplýsingagjafar og ýmsum úrbótum af hálfu íslensku bankanna var þróuninni snúið við og íslenskt fjármálalíf stóð af sér storminn.

VEL Í STAKK BÚNIR

TIL AÐ MÆTA ERFIDLEIKUM

Þegar horft er til baka er ekki nokkur vafi á því að sú gagnrýni og vandamál sem íslensk fjármálafyrirtæki mættu hefur leitt til þess að þau standa nú mun styrkari fótum en ella hefði orðið. Í skýrslu Viðskiptaráðs er þessu gerð góð skil en þar er núverandi staða þriggja stærstu bankanna í borin saman við stöðu þeirra vorið 2006. Þannig er gerður samanburður á mörgum veigamiklum þáttum í rekstri bankanna, s.s. líftíma og samsetningu lánsfjármagns, innlána- hlutföllum, vixleignatengslum, gæðum útlána, tekjusatningu og gengisáhættu eiginfjárgrunns. Niðurstaðan leiðir í ljós að bankarnir hafa bætt sig mikið á öllum sviðum og ættu því að vera mun betur í stakk búnir til að glíma við erfiðar aðstæður.

VELGENNI Á VEIKUM GRUNNI?

Það er einnig áhugavert að skoða samanburð íslensku bankanna við aðra norræna banka. Það er ekkert launungarmál að viðskiptamódel íslensku bankanna er frábrugðið því sem tíðkast hjá hefðbundnum viðskiptabönkum. Þannig hefur stærri hluti hagnaðar komið frá fjárfestingabankastarfsemi en algengt er og bankarnir taka virkari þátt í fjárfestingum viðskiptavina sinna. Þá hafa íslenskir bankar einnig þótt nokkuð áhættusæknir í hlutabréfafjárfestingum sínum, þó í misjöfnum mæli. Þessari auknu áhættu hafa bankarnir mætt með

háum eiginfjárlutföllum sem skapar þeim svigrúm ef í harðbakkann slær. Þetta óhefðbundna viðskiptamódel hefur skilað íslensku bönkunum arðsemi langt umfram það sem gengur og gerist hjá öðrum norrænum viðskiptabönkum.

Þrátt fyrir þetta hefur loðað við umfjöllun um íslensku bankana að velgengi þeirra sé reist á heldur veikum grunni. Með því er vísað til þess að hátt hlutfall gengishagnaðar af heildarafkomu leiði til þess að grunnafkoma þeirra standist ekki samanburð. Ennfremur bendir hátt tryggingaálag og hlutfallslega lægra lánsrhæfismat til þess að fjármögnunaráhætta þeirra sé mun hærri en annarra norræna banka.

Skýrsla Viðskiptaráðs sýnir að grunnafkoma íslensku bankanna stenst fyllilega samanburð við aðra norræna banka. Það verður því ekki betur séð en að tekjur af hlutabréfastöðum og fjárfestingabankastarfsemi séu viðbót fremur en grunnþáttur í arðsemi bankanna. Að sama skapi sýnir samanburður á samsetningu lánsfjármagns bankanna að íslenskir bankar eru vel í stakk búnir til að mæta þrengingum á mörkuðum líkt og standa yfir í dag. Eins og áður hefur komið fram virðast íslenskir bankar bæta upp áhættu vegna aukinnar stöðutöku í hlutabréfum með mun hærri eiginfjárlutföllum en aðrir norrænir bankar.

GJALDA FYRIR UPPRUNA SINN

Með þetta í huga komast skýrsluhöfundar að þeirri niðurstöðu að íslenskir bankar gjaldi fyrir uppruna sinn. Þannig verði ekki betur séð en að herra tryggingsálag og lakara lánsrhæfismat þeirra megi helst skýra með þeirri einföldu staðreynd að þeir koma frá Íslandi. Það er þó ekki talinn vera grundvöllur fyrir þessu álagi enda eru bankarnir orðnir afar alþjóðavæddir og vel varðir fyrir skakkaföllum í íslensku hagkerfi.

Þetta er alvarlegt mál og undirstrikar nauðsyn þess að halda uppi stöðugu flæði upplýsinga um íslenskt fjármála- og efnahagslíf á erlendri grundu. Sé ætlunin að standa í fremstu röð á sviði fjármálaþjónustu og ná fram markmiðum um að koma hér upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð er mikilvægt að skoða þessi mál til hlítar og vinna að lausn á málinu. Það mun augljóslega reynast erfiðara verkefni að sannfæra erlend fjármálafyrirtæki um að færa höfuðstöðvar sínar hingað til lands ef íslenskt áhættuálag fylgir með í kaupnum.

UM VÍÐA VERÖLD

Sjá ekki fyrir endann á krepunni

Telegraph | Roger Bootle, pistlahöfundur breska dagblaðsins Telegraph, segist fullviss um að ekki sjái í brád fyrir endann á lausafjárkreppunni sem plagað hefur fjármálageirann víða um heim síðan í júlí. Hann segir gjörninga fimm stórra seðlabanka, sem tóku höndum saman í síðustu viku og ákváðu að veita háum fjárhæðum inn í efnahagslífið í formi ódýrra skammtímalána til að greiða fyrir og fjölga millibankalánun, lausn sem hafi ekki komið á óvart. Árangurinn hefði orðið sá sami hefðu bankarnir ákveðið að grípa til sömu ráða hver í sínu lagi. Bootle segir banka og fjármálafyrirtæki hafa í því umröti sem hafi orðið á fjármálamörkuðum skilað sér í því að bankar hafi haldið að sér höndum, svo mjög að dregið hafi úr lánsfé í umferð. Það sem þegar sé á markaðnum sé hins vegar skrambi dýrt.

Leita sér hjálpar

Guardian | Vart þarf að taka fram að helsta fórnarlamb lausafjárkreppunnar í landi Elísabetar Englandsdrottningar er án nokkurs efa Northern Rock, bankinn sem lánaði viðskiptavinum grimmt fyrir fasteignakaupum. Nokkrir fjárfestar hafa borið viðurnar í bankann. Guardian segir í byrjun vikunnar að breska fjármálaráðuneytið hafi nú leitað til bandaríska fjárfestingabankans Goldman Sachs til að kanna hvort hann geti útbúið fjármögnunarleið sem tveir tilboðsgjafar geti nýtt sér þar til málið leysist. Blaðið segir hins vegar ekki loku fyrir það skotið að bankinn verði ríkisvæddur. Það verði hins vegar til skamms tíma til að koma í veg fyrir gjaldþrot bankans áður en tilboðum í hann verði tekið.

MARKAÐURINN
Einfalt
mál
á www.visir.is
alla daga



ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 512 5000 SÍMBREFF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglusingar@markadurinn.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ORKU- OG UMHVERFISMÁL

Bandaríkin og loftslagsmál

Tína má til nokkrar ástæður fyrir því af hverju Sameinuðu þjóðirnar eru veik yfirþjóðleg stofnun. Flestir eru þó sammála um að ein veigamesta ástæðan sé afstaða Bandaríkjanna til þessarar samvinnu. Það að koma á sameiginlegum reglum í alþjóðakerfinu hefur ekki átt upp á pallborðið í bandarískum stjórnmálum þrátt fyrir frumkvæði og aðild þeirra að stofnun Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma.

SAMI GRAUTUR...

Bandaríkjunum til varnar má þó segja að Sameinuðu þjóðirnar hafi ekki verið byggðar upp með það í huga að eitt stórveldi hefði jafnmikla hernaðarlega, viðskiptalega, menningarlega og pólitíska yfirburði og Bandaríkin hafa haft. Þessum yfirburðum hafa þau ekki viljað deila með neinum og oft farið eigin leiðir án samráðs við alþjóðasamfélagið.

Nægir í þessu sambandi að nefna einhliða ákvörðun um innrásina í Írak, andstöðu við Alþjóðastríðsdómstólinn eða tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að ná alþjóðlegu samkomulagi um loftslagsmál. Fram til þessa hefur ekki verið sjáanlegur munur á stefnu repúblikana eða demókrata í afstöðu til loftslagsmála. Clinton-stjórnin hélt fram sömu rökum og Bush hefur gert síðustu ár, þ.e. að minni losun leiddi til minni hagvaxtar og að

stjórnvöld myndu ekki gera neitt nema Kína og Inland legðu eitt-hvað af mörkum. Clinton-stjórninni tókst ekki einu sinni að koma Kyoto-sáttmálanum til afgreiðslu öldungadeildarinnar.

BALÍ OG „FREE RIDER“

Heldur sljákkaði í fagnaðarlátunum á Balí eftir tilkynningu fulltrúa Ástrala um staðfestingu þeirra á Kyoto-sáttmálanum þegar Bandaríkjamenn kvöddu sér hljóðs. Þeir sögðust taka þátt í samstarfinu, en alfarið á eigin forsendum og án þess að gangast undir skuldbindingar um að draga úr losun á grundvelli samþykktu Sameinuðu Þjóðanna.

Enn og aftur var fyrri stefna

staðfest. Fáir gera ráð fyrir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna nái samkomulagi um takmörkun losunar gróðurhúsalofttegunda sem vísindamenn telja nauðsynlega til að halda hlýnun jarðar innan tveggja gráða á þessari öld. Ljóst er að verkefnið verður mun erfiðara eða nær óleysanlegt fyrir alþjóðasamfélagið með Bandaríkjamenn á hliðarlínni líkt og „free rider“.

LJÓS Í MYRKRI

Þrátt fyrir stefnu stjórnvalda og afneitun á loftslagsvandannum má segja að einstök ríki, atvinnulífið og fyrirtækin í Bandaríkjunum hafi tekið forystu um að takast á við vandamálið.

Kaliforníuríki hefur sett sér það markmið að draga úr losun um 25 prósent fyrir 2020, auk þess sem lög gilda um hámarks útstreymi frá bifreiðum. Í Chicago hefur verið starfræktur markaður með losunarheimildir frá árinu 2003 (CCX). Í upphafi áttu 13 aðilar aðild að markaðnum en þeir eru í dag yfir 130 og stöðugt eykst fjöldi og umfang viðskipta. Þegar er búið að stofna hliðarmarkaði út frá CCX, m.a. svokallaðan New York-markað sem og markað sem á viðskipti við losunarmarkað Evrópusambandsins.

Embættismenn í Hvíta húsinu hafa kafað í ræður Bush og fundið út að hann hefur minnst

á loftslagsvandann æ oftar síðustu ár og alls 32 sinnum í janúar 2007. Ekkert bendir þó til þess að um stefnubreytingu hafi orðið að ræða í Hvíta húsinu, jafnframt því sem sagan kennir okkur að menn skyldu ekki gera sér of miklar vonir um stefnubreytingu eftir næstu forsetakosningar 2008.

Kristján Vigfússon er aðjúnt við Háskólann í Reykjavík og kennir m.a. orku- og umhverfismál.



Uppáhaldsdagblað þjóðarinnar – takk fyrir okkur



77% velja Fréttablaðið sem miðil að sínu skapi

71% velur Morgunblaðið, 51% velur 24 stundir

Fréttablaðið

Morgunblaðið

24 stundir

Fréttablaðið er langmest lesna dagblað landsins, það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinargóðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsmála.

Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja á hverjum degi, um menningu, viðskipti, íþróttir og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

Allt sem þú þarft – alla daga



Samkvæmt Gæðakönnun Capacent 12.-29. október, 2007, allir 18-49 ára.

SPÁKAUPMAÐURINN

Útsölugjafir

Það eru alveg hreint frábærir tímar núna. Yndislegar stundir. Aldrei fyrr hef ég rambað á því líkar útsölur fyrir jólin eins og er á íslenskum hlutabréfamarkaði í augnablikinu. Enda er ég búinn að raka svoleiðis til mín bréfum sem ég ætla að setja undir tré hjá vinum og ættingjum. Nánasta fjölskylda fær meira aukreit, svo sem kuldagalla, þykk föt og bomsur sem ég keypti í verstu hitastækjunni í sumar bæði hér og á Costa del Sol.

Það slá mér fáir ef engir við í hagsýnum innkaupum langt fram í tímann. Nema ef vera skyldi mamma sem keypti jólaskreytingarnar í febrúar. Konunni fannst það óráð – enda urðum við af nokkrum þúsundköllum með því að kíkja í búðir í nóvember.

Hagsýnustu jólagjafirnar í ár eru án nokkurs efa bréfin í FL Group og Existu, sem eru líkt og á brunaútsölu. Eins og allt eigi að seljast fyrir áramótin. Kaupþing er sömuleiðis á fínu verði. Straumur ekki síðri ef markmið Bill Fall ganga eftir að stækka á næstu árum. Sé fyrir mér að bréfin tútni út enda er ég búinn að kaupa nokkur handa sjálfum mér á sama tíma og vandamennirnir bætast við í hluthafahópinn. Svo má tína margt fleira til.

Hagsýnu sjálfbæru landsmenn. Leggið nú frá ykkur þrjónana og kaupði frekar hlutabréf. Þau eru svo miklu ódýrari en heimagerðar lopapeysur.

Spákaupmaðurinn á horninu



Helmingur heimila í mínus

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Þegar við skoðum neyslu, þá spyrjum við ekki hvernig hún er fjármögnuð,“ segir Guðrún R. Jónsdóttir, í vísitöludeild Hagstofunnar.

Samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna árin 2004 til 2006 eyðir helmingur heimila meiru en hann aflar. Sá fjórðungur þeirra sem hefur minnst ráðstöfunartekjur að jafnaði eyðir fjórðungi meira en hann aflar. „Sumir fjármagna neyslu með lánum. Til dæmis geta námsmenn haft útgjöld sem eru meiri en sem nemur tekjunum,“ segir Guðrún.

Neysluútgjöld heimilanna hafa aukist um tæplega átta prósent á tímabilinu 2003 til 2005, samkvæmt könnun Hagstofunnar. Meðalútgjöldin voru tæplega 368 þúsund krónur á mánuði. Á sama tíma hefur meðalstærð heimila minnkað lítillega og útgjöld á mann því aukist um 9,1 prósent.

Tekjuminnsti fjórðungurinn, ríflega þrjátíu þúsund heimili, hefur að jafnaði 239.687 krónur til ráðstöfunar á mánuði. Sami fjórðungur eyðir að jafnaði 303.861 krónu á mánuði. Útgjöldin eru með öðrum orðum 126,8



KEYPT Í MATINN Fjórðungur heimila eyðir mun meiru en hann aflar mánaðarlega.

prósent af ráðstöfunartekjum.

Hjá þeim fjórðungi heimila sem næstmínstar hefur tekjurnar, eru útgjöldin litlu meiri en sem nemur tekjunum.

Þetta snýst hins vegar við þegar komið er í tekjuhærra fjórðungana. Sá fjórðungur sem hefur næstmestar tekjur eyðir að jafnaði 93,5 prósentum þeirra og sá hópur sem mestar hefur tekjurnar eyðir 77,8 prósentum þeirra.

Í könnun Hagstofunnar er tekið tillit til allra heimilistekna, þar á meðal fjármagnstekna, eftir skatta. Í útgjöldunum felst meðal annars kostnaður af neyslurvörum og þjónustu, leiguigildi vegna afnota

eigin íbúð, tilkynninga- og vanskilgjöld. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir félagsgjöldum og styrkjum, sektum og fasteignakaupum.

Fram kemur í rannsókn Hagstofunnar að heimili í dreifbýli eyða almennt meiru en þau afla. Útgjöldin eru 0,3 prósentustigum meiri en tekjurnar.

Heimili á höfuðborgarsvæðinu hafa almennt mestar tekjur, tæplega 410 þúsund krónur á mánuði. Heimili í þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarsvæðisins eru að jafnaði með 364 þúsund krónur á mánuði en heimili í dreifbýli hafa innan við 350 þúsund krónur til ráðstöfunar.

Spá samdrætti hjá Sports Direct

Breska íþróttavörverslunin Sports Direct birtir uppgjör sitt fyrir fyrri hluta rekstrarársins í dag. Markaðsaðilar telja líkur á að rekstrarhagnaður félagsins nemi 40 milljónum punda, jafnvirði rétt um 5,1 milljarði króna. Gangi það eftir dregst hagnaðurinn saman um fjóurtíu prósent á milli ára. Breska dagblaðið Telegraph sagði um miðjan október að Baugur ætti eins prósent hlut í félaginu. Það hefur ekki fengist staðfest.

Sports Direct var skráð á markað í febrúar að undangengnu útboði þar sem bréf í félaginu fóru á 300 pens á hlut. Gengið lækkaði fljótlega og stóð í rúnum 143 pensum á hlut þegar blaðið sagði Baug hafa bæst í hluthafahópinn. Það hafði eftir heimildarmönnum sínum þá að verðmiðinn á félaginu hafi verið hagstæður þá enda gengið fallið um helming frá skráningu.

Lítið lát hefur verið á lækkanuferlinu og fór hluturinn undir 90 pens á mánuðag og hafði aldrei verið lægri. Markaðsaðilar hafa af þessum sökum breytt verðmati sínu og mæla nú með því að fjárfestar selji bréf sín í félaginu.

- jab

ÚTGJÖLD 2004-2006

	Ráðstöfunartekjur	Heildarútgjöld
1. tekjufjórðungur	239.687	303.861
2. tekjufjórðungur	319.328	328.907
3. tekjufjórðungur	376.484	351.887
4. tekjufjórðungur	625.469	486.557

Áramótablað MARKAÐARINS

kemur út fimmtudaginn
27. desember 2007.

Í blaðinu sem kemur út fimmtudaginn 27. desember

- verður **Viðskiptamaður ársins** valinn (af fólki í viðskiptalífni)
- **Verstu viðskipti** ársins kynnt
- **Bestu viðskipti** ársins kynnt
- **Innlendur/erlendur** fréttáannáll
- Hvað bar **hæst** í lífi helstu forystumanna viðskiptalífsins? (stuttir pistlar)
- **Stærstu atburðir** ársins í hnotskurn
- Hverjir **græddu/hverjir töpuðu** á árinu
- annálar auk aðsendra greina forstjóra fyrirtækja.

auglýsingasími:
512 5448




Viðskiptatryggð margborgar sig

Fyrirtæki verða að vera vakandi fyrir því að halda tryggð við viðskiptavinina sína og sjá hag í því að efla viðskiptatryggð með ýmsu móti,“ segir Júlíus Valdimarsson, framkvæmdastjóri Lausna, markaðsfyrirtækis sem sérhæfir sig í aðstoð við fyrirtæki, stofnanir og aðra við að greina þarfir og væntingar viðskiptavina. Lausnir luku nýverið við könnun á svonefndri viðskiptatryggð.

Stuðst var við við úrtak 150 stjórnenda stórra og meðalstórra fyrirtækja hér á landi. Svarhlutfall var 76 prósent, sem merkir að 114 svörðu.

Í könnuninni kemur fram að mikill meirihluti þátttakenda hafi unnið að því skipulega eða keypt þjónustu, gagnert til þess að halda í viðskiptavinina sína. Júlíus segir könnunina sýna að þeir sem hafi beitt skipulögðum aðgerðum sem þessum hafi séð mikinn árangur. Nokkrir þættir skipti máli, svo sem aukin samskipti við viðskiptavinina, kannanir, námskeið og fleira í þeim dóm. „Menn og fyrirtæki eru farin að tengja sig betur viðskiptavininum,“ segir hann og leggur áherslu á mikilvægi þessa.

Í könnuninni kemur sömuleiðis fram að stjórnendur margra fyrirtækja telja að fyrirtæki



þeirra tapi sem nemi fimm prósentum af heildartekjum vegna tapaðra viðskiptavina. Þetta er eðlilega mishátt en getur numið allt að 50 milljónum króna hjá fyrirtæki sem er með tekjur upp á einn milljarð króna. Upphæðin eykst svo í hlutfalli við tekjurnar. Júlíus segir að þarna sé í fyrsta sinn kominn verðmiði á tapaða viðskiptavininum. „Fyrir brot af 50 milljónum er hægt að gera mjög vel við viðskiptavinina,“ segir hann.

Júlíus segir að þegar við-

skiptavinir yfirgefi fyrirtæki verði þau að leita leiða til að afla nýrra í þeirra stað. Það geti hins vegar orðið ærið dýrkeypt, að sögn Júlíusar, sem bendir á bandaríska könnun dr. Pauls R. Timms, eins af þekktustu fyrirlesurum í heimi á sviði stjórnunar, að kostnaðurinn geti orðið fimmfalt hærri en að halda í viðskiptavininum. „Það er því arðbær fjárfesting hjá fyrirtækjum að halda í viðskiptavinina sína og gera vel við þá,“ segir hann.

- jab

Nýtt bankaráð valið eftir breytingar

Hluthafafundur Icebank hefur valið nýtt bankaráð í kjölfar breytinga á eignarhaldi bankans.

Tveir stærstu sparisjóðir landsins, Byr og SPRON, hafa selt megnið af eignarhlut sínum til annarra sparisjóða, helstu stjórnenda bankans og annarra fjárfesta. Sparisjóðir eiga engu að síður meirihluta í Icebank, 57,3 prósent.

Úr stjórninni ganga Ragnar Zophonías Guðjónsson og Magnús Ægir Magnússon, spari-

sjódsstjórar Byrs, og Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, færast úr aðalstjórn í vara-stjórn. Nýir menn í stjórn eru Gísli Kjartansson frá Sparisjóði Mýrasýslu, Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins sem er varaformaður, og Steinþór Jónsson, hótélstjóri Hótels Keflavíkur. Geirmundur Kristinnsson, sparisjódsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, er formaður ráðsins. Að auki er í ráðinu Friðrik Friðriksson frá Sparisjóði Svarfdæla.

- óká

Microsoft samningur og frír HP netþjónn

Með hverjum 10 Microsoft leyfum* fylgir nú HP ProLiant ML150 netþjónn frítt með, ásamt uppsetningu!

10+

Einstakt tilboð til áramóta

*nánar á <http://www.ok.is/msproliantfd>

OPIN KERFI

Opin kerfi ehf. • Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík • Sími 570 1000 • Fax 570 1001 • www.ok.is



CHADWICK ÞEIR SEM ERU VIRKILEGA HEPPNIR FÁ AÐ VINNA ALLA HELGINA



Chadwick stóllinn er hannaður af Don Chadwick fyrir Knoll. Hann sameinar á einstakan hátt falleg form og hámarksþægindi. Chadwick er með níðsterku neti sem lagar sig að líkamanum og má með sanni segja að stóllinn setji ný viðmið í hönnun skrifstofuhúsgagna. Chadwick kostar aðeins **64.600 kr.** án arma og **74.800 kr.** með örmum.



Knoll Knoll er amerískt fyrirtæki og framleiðir hágæða húsgögn í samvinnu við fremstu hönnuði heims.



www.knoll.com

Epal ehf. · Skeifan 6 · Sími 568 7733 · epal@epal.is · www.epal.is

Engin aðstaða fyrir börnin

Fyrirtæki eru almennt mjög sveigjanleg þegar kemur að barnafólki. Afar og ömmur eru mikilvægir bakhjarlar starfsfólks.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Við eigum góða að,“ segir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri greiningar Glitnis. Hann á fjögur börn, allt frá sex mánaða til ellefu ára, og er eiginkona hans í fæðingarorlofi. Sjálfur tók hann gott fæðingarorlof í sumar. „Lykillinn fyrir mann eins og mig er að hafa borið gæfu til að eiga konu sem er heimavinnandi eins og er og hefur verið í störfum með sveigjanlegan vinnutíma. Álagið á konuna mína er engu að síður miklu meira en á mig. Það er heljarinnar vinna,“ segir Almar, sem ferðast mikið til útlanda í tengslum við vinnuna. „En ég reyni að gera mitt besta, bæði að morgni dags og þegar eitthvað kemur upp á,“ segir hann en bætir við að mikilvægt sé að eiga góðan bakhjarl í öfum og ömmum barnanna. „Annars yrði þetta mjög erfitt.“

Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Póstsins, tekur í sama streng. Nokkrum sinnum komi fyrir að sjö ára sonur hennar þurfi að vera heima, svo sem á starfsdögum, í vetrarfríum og svo framvegis. „Hann á góðan afa og ömmu sem eru hætt að vinna og oft er hann þar,“ segir hún en bætir við að vetrarfrí, sem eru tvisvar á ári og ná yfir



BÖRNIN RÆÐA UM LANDSINS GAGN OG NAUBSYNJAR Í BANKANUM Mörg fyrirtæki hér á landi hafa skýra stefnu um sveigjanleika gagnvart barnafólki. Stundum kemur fyrir að starfsfólk fyrirtækjanna þurfi að koma með börnin með sér í vinnuna. Aðstaðan fyrir þau er hins vegar af skornum skammti.

fimmtudaga og föstudaga, nýti fjölskyldan betur. „Þá nýtum við hluta af sumarfríunum okkar og förum eitthvert, skiptum um umhverfi og förum í bústað, út á land eða til útlanda,“ segir hún.

Þau Almar og Katrín segja það skýrt markmið hjá fyrirtækjum sínum að barnafólk hafi sveigjan-

leika til að sinna fjölskyldu sinni og börnum. Oft komi fyrir að börn sjáist á vinnustaðnum. Almar tekur þó fram að það gerist iðulega utan háannatíma, oftast eftir lokun markaða klukkan fjögur. „Þetta er yfirleitt í skemmri tíma til að brúa ákveðið bil,“ segir Katrín.

Þau segja bæði aðstöðuna hins vegar litla fyrir börn en í besta falli geti þau sest niður við tölvu og horft þar á mynddisk eða litað í bók. Þetta er í samræmi við það sem stjórnendur og starfsmenn annarra fyrirtækja sögðu í samtali við Markaðinn en mörg fyrirtæki, svo sem bankarn-

ir og Pósturinn, fengu aðkeypta gæslu fyrir börn þegar verkföll voru í skólum fyrir nokkrum árum. Fá ef engin leikföng eru hins vegar til staðar fyrir börnin nema ef vera skyldi í húsakynnum Capacent en þar má finna dótakassa, að því er næst verður komist.



Jólagjöfin hennar

coast

smáralind
www.coast-stores.com

DAÐUR Í LÍFI...

Sævars Freys Dráinssonar, forstjóra Símans

7.00 Vaknaði klukkan sjö eins og flesta aðra morgna. Öllum morgnum þessa dagana fylgir mikið fjör og ég fékk strax að heyra allt um hvað jólasveinninn setti í skó dætra minna þá nóttina.

7.40 Eftir morgunverð og undirbúning barnanna fyrir skólann dreif ég mig af stað. Ég bý á Akranesi og nota bílferðirnar á milli iðulega í vinnusímtöl. Eitt þeirra var við starfsmannastjóra Símans sem er að aðstoða mig við leitina að nýjum framkvæmdastjóra einstaklingssviðs Símans.

8.20 Kominn í Ármúlann í höfuðstöðvar Símans. Við tók undirbúningur fyrir fundi framundan.

9.00-10.30 Fundur með forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar, Hrafnkatli V. Gíslasyni.

10.30-11.00 Púlsinn á nokkrum málum tekinn á fundi með Brynjólfi Bjarnasyni, forstjóra Skipta, móðurfélags Símans.

11.00-12.30 Fundur með þremur stjórnendum frá kínverska fyrirtækinu Huawei sem er meðal annars með farsíma-kerfi. Þeir voru hingað komnir til að ræða mál sem snúa að þjónustu um langdrægt farsíma-kerfi og fleira.

12.30 Náði í jakkaföt í hreinsun og brunaði út á flugvöll.

13.15 Farinn í loftið á hárréttum tíma. Leiðin liggur til Akureyrar.

14.15 Beint úr vélinni á blaðamannafund. Við vorum að opna þriðju kynslóðar þjónustuna



Á LEIÐINI NORÐUR Mánudagurinn var óvenju langur og erilsamur hjá Sævari Frey Dráinssyni, forstjóra Símans. Meðal annars fór hann til Akureyrar vegna opunar þriðju kynslóðar þjónustu Símans þar.

okkar á Akureyri. Við afhentum meðal annars Sigrúnu Björk Jakobsdóttur bæjarstjóra fyrsta gagnakortið fyrir 3G þjónustuna sem dekkar nú alla Akureyri.

15.00 Ég hafði ekki komist í að borða síðan um morguninn þannig að ég fór á Hlíðabáta við hliðina á versluninni og greip mér eitthvað í fljótheitum. Fórum svo á Glerártorg og skoðuðum aðstöðuna þar.

15.30 Aftur niður í verslun og skrifstofur Símans. Heilsaði upp á samstarfsfólk á Akureyri og ræddum ýmis mál sem snúa

að viðskiptavinum okkar á Akureyri.

16.30 Fengum fregnir af töfum á fluginu til baka hjá Flugfélagi Íslands. Þá var bara sett í gírinn og farið í gegnum tölvupóst sem hafði safnast upp yfir daginn á meðan beðið var frekari fregna.

18.00-24.00 Kom í ljós að ekkert yrði af flugi sökum veðurs. Þá var ekki annað að gera en að fá sér bílaleigubíl og bruna suður. Eyddi því kvöldinu í bílaleigubíl með samstarfsfólki og nýtti Blackberry-tækið til að svara tölvupóstum á leiðinni.

515 6100 | SYN.IS | VODAFONE

orkusalan 

Á ÞORLÁKSMESSU KL. 17:50
BARCELONA
REAL MADRID
SPÆNSKI BOLTINN

RISARNIR MÆTAST



SYN

BANKHÓLFID

Hvað á barnið að heita?

Sumir hafa af því nokkuð gamanað fletta Lögbirtingarblaðinu. Til dæmis eru þar birt í löngum röðum nöfn fyrirtækja og félaga sem stofnuð hafa verið utan um hvers kyns rekstur. Allur gangur er á hvernig fólki tekst til við nafngiftir og vissara að vanda til þær strax í byrjun. Þannig var augljóslega ekki grundvöllur fyrir Grundvelli, þar sem skiptum lauk fyrir helgina. Á föstudag voru líka ótal ný félög kynnt til sögunnar. Þar á meðal eitt sem starfar við hugbúnaðargerð, hefur starfsemi tengda veraldarvefnum, stendur að sölu á stafrænu og þar fram eftir götunum. Nafnið... Gogoyoko ehf. Í sama holti voru líka félög in Amma Habbý, Goðafélagið, Krummasteinn, Uomo, Þrír litlir pizzastrákar, Hár-Berg, og fjöldi annarra.



Góðgæti uppselt

Greint er frá því í forsíðufrétt Bændablaðsins að torvelt sé um þessar mundir að verða sér úti um sviðalappir, en slíkur herramannsmatur njóti jú næstum jafnmikilla vinsælda og sviðgera. Torveldar framleiðsluna að dýralæknar leggist á móti flutningi lappanna milli svæða af ötta við riðusmit. Fjallalamb á Kópaskeri, en Kópasker mun vera hreint af kindasjúkdómum, er þó sagt hafa boðið upp á sviðalappir, en birgðir frá haustslátrun séu nú á þrotum. „En strax eftir áramótin verður haldið áfram að sviða og verður þá nóg til af þessu góðgæti allt árið,“ segir í Bændablaðinu.

Davíð og dótabúðin

Davíð Oddsson Seðlabankastjóri var við síðustu stýrivaxtaákvörðun spurður hvort opnun tveggja stórra leikfangaverslana gæti haft áhrif á efnahaginn og eyðsluna. Davíð sagði fátt um það, en undraðist viðbrögðin. Það væri eins og hér hefði aldrei fyrr verið opnuð dótabúð.

Leikfangaverslunin Bara fyrir börnin segir í auglýsingum að Seðlabankastjóri beini þeim til mælum til fólks að vera hagsýnt við leikfangakaup og auglýsir mikla lækkun.

Það skyldi þó ekki hafa falist í orðum Seðlabankastjórans að fólk ætti að kaupa minna af dóti en ekki meira?




142 kaupsamningar í síðustu viku og hófu ekki verið færri í einni viku frá því í lok janúar.

23,7 milljarða króna heildarsöluverð nýrra stofnfjárluta í sparisjóðnum Byr. Um var að ræða stærsta stofnfjárútbóð hér á landi hingað til.

2.400 milljarðar króna, fjórutíu milljarðar dala, sem seðlabankar víða um heim dældu inn á fjármálamarkaði í formi skammtímalána í síðustu viku til að bregðast við lausafjárkreppunni.

Áberandi glæsilegur

7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...



Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

MEIRA RÝMI

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18" Álfelgur
- Aksturtölva

MEIRI KRAFTUR

- ARP - Veltivörn
- TOD - Sjálfvirk drifstýring
- DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS - Heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira....

MEIRI BÚNAÐUR



Tangarhófa 8-12 - 110 Reykjavík
sími 590 2000 - www.benni.is

Áberandi glæsilegur

Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhófanum og við tökum vel á móti þér.



Egilsstaðir - Bilasala Austurlands
Fagradsalsbraut 21, sími 471 3005

Akureyri - Bilasalan Ós
Njardarnesi 1, sími 462 1430

Borgarnes - Bilasala Vesturlands
Sólbakka 2, sími 437 2100

Reykjanesbær - Bilahornid hjá Sissa
Brekkestig 38, sími 420 3300

5125050

Auglýsingasími



- Mest lesið